



Upplýsingatæknistefna Reykjanesbæjar



Upplýsingatæknistefna Reykjanesbæjar

Samþykkt í bæjarstjórn
Reykjanesbæjar 16. október 2018.

Stefnan var unnin í fjórum áföngum haustið 2017 sem hver hafði skilgreindar afurðir og aðgerðir:

1. Undirbúningur og skipulag verkefnis.
2. Greining og mat á stöðu upplýsingatækniumhverfis.
3. Mótun upplýsingatæknistefnu.
4. Framkvæmdaáætlun (vinnuskjal til innanhúsnota).

Stöðumat á upplýsingatækniumhverfi var unnið á tímabilinu september – október 2017 og lýsir stöðunni á þeim tíma. Vinnuhópur innan Reykjanesbæjar vann stefnumótun og framkvæmdaáætlun, byggt á greiningum í stöðumati og gögnum úr vinnulotum, í samvinnu við KPMG.

Upplýsingatæknistefna var samþykkt af bæjarstjórn Reykjanesbæjar 16. október 2018.

Markmið stefnunnar

Markmið upplýsingatæknistefnu er að mynda skýra framtíðarsýn á upplýsingatæknimál Reykjanesbæjar, bæta starfsumhverfi starfsmanna og hámarka skilvirkni í verkefnum og fjárfestingum á sviði upplýsingatækni.

Ábyrgð

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar ber ábyrgð á upplýsingatæknistefnu bæjarfélagsins og endurskoðar hana að lágmarki einu sinni á kjörtímabili.

Bæjarstjóri ber ábyrgð á framkvæmd upplýsingatæknistefnunnar og uppfærslu hennar samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar.

Forstöðumaður upplýsingatæknideildar ber ábyrgð á samræmingu og eftirfylgni með framgangi verkefna upplýsingatæknistefnunnar.

Forstöðumenn og starfsmenn eru ábyrgir fyrir að fylgja verklagi og stuðla að framgangi verkefna sem eiga að tryggja framkvæmd upplýsingatæknistefnu.

Umfang

Upplýsingatæknistefna Reykjanesbæjar tekur til allra starfseininga bæjarfélagsins.

Framtíðarsýn

Reykjanesbær veitir íbúum bæjarfélagsins skilvirka og nútímalega þjónustu og skapar eftirsóknarvert starfsumhverfi byggt á skilvirkri hagnýtingu á upplýsingatækni.



Stefna

Reykjanesbær nýti upplýsingatækni til að veita íbúum sveitarfélagsins sem besta þjónustu. Upplýsingar og opinber gögn verði aðgengileg á vef sveitarfélagsins á tungumálum sem mæta þörfum flestra bæjarbúa. Þjónusta sveitarfélagsins verði aðgengileg rafrænt í sjálfsafgreiðslu eftir því sem regluverk heimilar og upplýsingar um framgang og stöðu mála aðgengilegar á íbúagátt Reykjanesbæjar.

Reykjanesbær hagnýti upplýsingatækni til að samþætta og vinna upplýsingar úr gagnasöfnum sveitarfélagsins til að bæta þjónustu við íbúa, skapa skilvirkt starfsumhverfi og auka yfirsýn stjórnenda. Reykjanesbær nýti myndræna framsetningu gagna til að auðvelda yfirsýn og úrvinnslu gagna.

Reykjanesbær taki virkan þátt í þróun og uppbyggingu á rafrænni stjórnsýslu og vinni náið með ríki og sveitarfélögum að samþættingu og hagnýtingu á rafrænum þjónustum.

Reykjanesbær leggi áherslu á að tryggja gagnaöryggi og gagnaheilindi við vinnslu og varðveislu gagna með skýrum verklagsreglum, rekjanleika aðgerða, samþættu skjalaumhverfi og dulkóðun rafrænna gagna.

Reykjanesbær hagnýti upplýsingatækni til að hámarka skilvirkni í rekstri sveitarfélagsins og skapi starfsmönnum skilvirkt starfsumhverfi. Notendabúnaður starfsmanna hæfi verkefnum starfsmanna og styðji við sveigjanlegt starfsumhverfi. Upplýsingakerfi Reykjanesbæjar styrki ímynd sveitarfélagsins sem eftirsóknarverðan vinnustað.